

Ágæti sjávarútvegsfræðingur!

Fyrir rúmu ári síðan var sendur póstur til sjávarútvegsfræðinga þar sem störf og markmið Hins Íslenska Sjávarútvegsfræðafélags voru kynnt. Frá því að bréf stjórnar HÍS barst félagsmönnum hefur félagið unnið að kynningu á megin málefninu, sem er að fá löggildingu á nafnið Sjávarútvegsfræðingur hjá Alþingi Íslands. Það sem m.a. hefur verið gert er; vinna við samningu lagafrumvarps, öflun gagna um útskrifaða sjávarútvegsfræðinga frá Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands og Norges fiskerihøgskole í Tromsø og loks hefur verið skrifuð greinargerð um málið. Nú síðast (23/1-08) fóru tveir stjórnarmenn á fund Sjávarútvegsráðherra og kynntu honum stöðu mála og lýstu yfir áhyggjum stjórnar HÍS, en eins og áður hefur komið fram stendur til að útskrifa sjávarútvegsfræðinga frá Fjöltækniskólanum næsta haust. Upplýsingar um það nám má sjá á eftirfarandi slóðum:

[http://www.mennta.is/default.asp?sid\\_id=23384&tre\\_rod=003%7C007%7C006%7C&tId=1](http://www.mennta.is/default.asp?sid_id=23384&tre_rod=003%7C007%7C006%7C&tId=1)

Námskröfur og námsmat: Hverju fagi lýkur með heimaprófi eða verkefnavinnu.

Útskrift í sept 2008 **með diplóma í rekstri og stjórnun /rekstrarfræði** .

Nemendur með sérfög í sjávarútvegi útskrifast sem **sjávarútvegsfræðingar**.

Sérfög í sjávarútvegi, Fjöltækniskóli: [http://www.mennta.is/default.asp?sid\\_id=23751&tId=1](http://www.mennta.is/default.asp?sid_id=23751&tId=1)

Yfirlit náms í Fjöltækniskólanum: [http://www.mennta.is/Files/Skra\\_0015183.pdf](http://www.mennta.is/Files/Skra_0015183.pdf)

Tekið af vef Fjöltækniskólans þann 17. janúar 2008:

Eins og þarna kemur fram þá er þetta nám engan veginn sambærilegt því háskólanámi sem félagar í HÍS hafa lagt á sig fram til þessa dags og er það álit stjórnar að með þessu sé verið að "gjaldfella" námið. Sjávarútvegsráðherra, sem tók nokkuð vel í erindið, sagðist myndu kanna málið og ætlar sér tvær vikur í það til að ráðfæra sig við menntamálaráðherra ásamt skólastjóra og Stjórnarformanni Fjöltækniskólans.

Erindi HÍS hefur verið vel tekið af flestum þeim sem hafa gefið sér tíma til að hlýða á skýringar málsins. Þykir stjórn HÍS réttast að löggilding Sjávarútvegsfræðings heitisins sé í höndum Sjávarútvegsráðherra og vill stjórn HÍS því kanna þann möguleika fyrst.

Stjórn HÍS heitir því að halda sjávarútvegsfræðingum upplýstum um gang mála, en óskar jafnframt eftir liðsinni félagsmanna. Félagsmenn gætu kannað möguleika þess að vekja máls á mikilvægi löggildingar nafnbótarinnar í einkasamtölum sínum við ráðherra, þá er líka sú leið vænleg að sjávarútvegsfræðingar óski eftir liðsinni þeirra sem best þekkja til hvers sjávarútvegsfræðingar eru megnugir með umrædda menntun þ.e. yfirmanna og samstarfsmanna sjávarútvegsfræðinga.

Samstarfsmenn sjávarútvegsfræðinga ættu að vera færir um að gefa jákvæðan vitnisburð um gæði námsins og komið þeim vitnisburði á framfæri við ráðherra í það minnsta með meðfylgjandi yfirlýsingu, ellegar með tölvupósti eða samtali við ráðherra.

Að lokum vill stjórn HÍS benda á að ef þetta mál verður ekki til lykta leitt á yfirstandandi vorþingi, mun málið án efa reynast mun erfiðara í rekstri eftir að ótiltekinn hópur fólks hefur útskrifast frá Fjöltækniskólanum sem sjávarútvegsfræðingar. Þetta er mál sem varðar sjávarútvegsfræðinga alla og má því í raun segja að þetta sé prófsteinn á getu okkar sem hóps til að hafa áhrif á okkar málefni.

Stjórn Hins Íslenska Sjávarútvegsfræðafélags